

4. Reglugerð um bílaflokk

- 4.1 Bílaflokkur skal starfa innan Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri
- 4.2 Bílaflokkur hefur umsjón með bílum og snjóbílum sveitarinnar og þeim búnaði sem þeim fylgir.
- 4.3 Formaður bílaflokks leggur fram ökumannslista í upphafi starfsárs þar sem fram kemur hverjir eru ökumenn/umsjónarmenn hvers bíls.
- 4.4 Umsjónamaður bíls skal sjá til þess að hann sé ávallt útkallsfær. Formaður bílaflokks fylgir því eftir.
- 4.5 Bílaflokkur skal sjá um að gengið sé vel um bíla- og tækjasali.
- 4.6 Alla vinnu og akstur á að færa í bækur, einnig skal flokkurinn halda skrá yfir tæki og búnað í sinni umsjá.
- 4.7 Bílaflokkur sér til þess að í hverjum bíl sé ítarlegur listi yfir þann búnað sem í bílnum er.
- 4.8 Hafa skal samráð við formann bílaflokks ef óskað er eftir bílum til notkunar.
- 4.9 Formaður bílaflokks skal sjá til að bílarnir séu ekki notaðir til einkanota.
- 4.10 Skilja skal eftir orðsendingu þegar farið er á bílum í ferðir og á æfingar.
- 4.11 Miðað skal við að hver maður aki ekki lengur en 6 klst. samfelld, án þess að til komi skipting á akstri og ekki lengur en 12 klst. á sólarhring. Formaður bílaflokks eða stjórnandi sjá um skiptingu á akstri. Bílstjórar skulu forðast að vera við vöku nóttina fyrir akstur.
- 4.12 Félagar í bílaflokki skulu viðhalda kunnáttu sinni á tækjum og búnaði flokksins með reglulegum æfingum og námskeiðum.